

Nd.

283. Frumvarp

til laga um dráttarvexti.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg, Halldór Stefánsson.

1. gr.

Bannað er lánsstofnunum, hverju nafni sem nefnast, að taka hærri dráttarvexti en 1% — einn af hundraði — á mánuði af vaxtaupphæð þeirri, er greiðsludráttur hefir orðið á, og telst brot af mánuði heill mánuður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga, er koma í bága við þessi lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Flestar lánsstofnanir munu taka svipaða dráttarvexti, sem hér er farið fram á að leyfðir verði sem hámark. Hinsvegar er þó vitað, að til er hér á landi lánsstofnun, sem tekið hefir dráttarvexti allt að þrefalt hærri en hér er lagt til að leyfðir verði. Virðist slíkt nálgast okur, og er sérstaklega tilfinnanlegt á krepputímum þeim, sem nú eru.